

**Nd.**

**214. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 23. maí.

Flutningsmaður: Pjetur Jónsson.

(Till. til þingsál. um námurekstur landssjóðs á Tjörnesi m. m., á þgskj. 112).

Landsstjórnin hefir nýlega komið á nýju skipulagi um stjórn Tungu-  
námunnar, sett útlendan sjerfræðing til ítarlegri rannsóknar á henni og til að  
stjórna nýjum vinnuaðferðum við kolanámið. Má því búast við, að sæmileg  
reynsla fáiast á þessu sumri um það, hversu námurekstur á þessum stað getur  
borið sig. Í því trausti, að landsstjórnin, að fengnum þessum upplýsingum,  
haldi eigi námurekstrinum áfram með verulegum halla fyrir landssjóðinn, tek-  
ur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.